

**Nd.**

**1085. Nefndarálit**

**[302. mál]**

um frv. til l. um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarda á íslenskum skipum.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

Mál þetta barst nefndinni frá Ed. um hádegi s. l. laugardag. Hefur hún því haft mjög skamman tíma til að fjalla um málið. Við 1. umræðu í Nd. flutti samgönguráðherra svofellda yfirlýsingu:

„Það skal tekið fram við afgreiðslu frv. þessara að stéttarfélög skipstjórnarmanna og vélstjóra víða um landið óska eftir því að fá að koma fram með breytingartillögur við lögum sem lagðar verði fram eigi síðar en 15. október á þessu ári.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mun skipa nefnd í málið sem skila mun einu sameiginlegu álitum um þau ákvæði í lögum þessum sem betur mættu fara.

Ég hef ákveðið að skipa nefnd nú í vor þar sem óskað verði eftir tilnefningu fulltrúa menntamálaráðherra, stýrimanna og Vélskólans í Reykjavík, F.F.S.Í. og útgerðaraðila til þess að gera tillögur um breytingu á þessum lögum þar sem m. a. verði stefnt að því að undanþágur verði ekki veittar þeim sem hafa ekki áður fengið undanþágu til skemmri eða lengri tíma.

Þeim mönnum, sem eftir breytingu laga þessara hafa ekki réttindi, verði gefinn kostur á menntun í sínum landshluta og þannig að því stefnt að undanþáguveitingum verði hætt sem fyrst.“

Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu málsins. Steingrímur J. Sigfússon og Kristín Halldórsdóttir skila séráliti.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt, eins og það kom frá Ed.

Karvel Pálmason skrifar undir nál. með fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 21. maí 1984.

Stefán Valgeirsson,  
form., með fyrirvara.

Friðjón Þórðarson,  
frsm.  
Eggert Haukdal.

Karvel Pálmason,  
með fyrirvara.

Stefán Guðmundsson.